# Námsáætlun í ensku 2.stig

Kennari: Íris Guðlaugsdóttir og Andri Pétur Dalmar Guðnýjarson

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að meta og nýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Nemendur öðlist leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum til að mynda þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunar heimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu.

| **Haust<br>-Viðfangsefni** | **Hæfniviðmið** | **Námsefni** | **Námsmat** | **Vor -<br>viðfangsefni** | **Hæfniviðmið** | **Námsefni** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **-Hlustun<br>-Lesskilningur<br>-Samskipti<br>-Frásögn<br>-Ritun** | Að nemandi geti skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum ýmissa texta<br><br>Að nemandi geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og rit<br><br>Að nemandi geti sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,<br><br>Að nemandi geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og nýtt mál sitt í samræmi við inntak og viðtakanda | -Yes, we can 7 lesbók og vinnubók<br>-ýmist ítarefni<br>-ýmist margmiðlunarefni | símat,<br>kaflapróf,<br>ritun<br>verkefnavinna, bæði einstaklings og para | **-Hlustun<br>-Lesskilningur<br>-Samskipti<br>-Frásögn<br>-Ritun** | Að nemandi geti skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum ýmissa texta<br><br>Að nemandi geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti<br><br>Að nemandi geti sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,<br><br>Að nemandi geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og nýtt mál sitt í samræmi við inntak og viðtakanda | -Yes, we can 7 lesbók og vinnubók<br>-ýmist ítarefni<br>-ýmist margmiðlunarefni | símat,<br>kaflapróf,<br>ritun<br>verkefnavinna, bæði einstaklings og para |